

Nd. **240. Frumvarp til laga** [110. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögín bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1968 til 1971, að báðum árum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{4}$ % viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbýggingar félagsins við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðuneytisins í bréfi til nefndarinnar, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 4. des. 1967.

Jafnframt því að ráðuneytið framsendir háttvirtri landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis bréf stjórnar Bændahallarinnar, dags. 1. þ. m., vill það óska þess, að nefndin flytji á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, þess efnis, að á árunum 1968 til 1971 skuli greiða $\frac{1}{4}$ % viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins og renni það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbýggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík, sbr. lög nr. 59 13. maí 1966, um sama efni.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.“

„STJÓRN BÆNDAHALLARINNAR

Reykjavík, 1. desember 1967.

Á fundi stjórnar Bændahallarinnar hinn 30. nóv. s. l. var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Rætt var um framlengingu á ákvæði laga um Búnaðarmálasjóð varðandi framlagið í Bændahöllina, sem falla úr gildi við næstu áramót. Nú er komið fram á Alþingi frv. um eflingu Bjargráðasjóðs, og er þar gert ráð fyrir, að bændur greiði 0.25% gjald af söluvörum sínum til sjóðsins. Þetta breytir allmiklu varðandi málið.

Framkvæmdastjóri lagði fram eftirfarandi greinargerð:

Fyrir tæpum tveim árum fór stjórn Bændahallarinnar þess á leit við hið háa Alþingi, að það framlengi það ákvæði í lögum um Búnaðarmálasjóð, að Bændahöllin fengi um 4 ár í viðbót $\frac{1}{2}\%$ gjald af framleiðsluvörum bænda. Þetta var afgreitt þannig á Alþingi, að ákvæðið var framlengt til tveggja ára, þ. e. fyrir árin 1966 og 1967.

Nú sést enn betur en áður, að fuil þörf er á að fá framlengingu á þessu ákvæði, a. m. k. að nokkru leyti. En jafnvel þótt hætt sé við, að ekki muni veita af öllu gjaldinu um nokkur ár enn, fer stjórn hússins ekki fram á, að gjaldið verði nema $\frac{1}{4}\%$ til 4 ára. Er þetta hugsað þannig, að $\frac{1}{4}\%$ gjaldsins gangi til Bjargráðasjóðs, svo sem lagafrumvarp, sem liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir, en gjaldið til hússins lækki um helming, svo að ekki aukist álögur á bændur af þessum sökum.

Samkvæmt ofansögðu er það því ákveðin ósk stjórnar Bændahallarinnar, að hið háa Alþingi framlengi gjaldið úr Búnaðarmálasjóði til Bændahallarinnar að hálfu leyti í 4 ár, þ. e. af framleiðslu áranna 1968 til 1971, að háðum meðtöldum.

Stjórn Bændahallarinnar mælist til þess, að hæstvirtur landbúnaðarráðherra flytji breytingartillögu hér að lútandi við lög um Búnaðarmálasjóð á yfirstandandi Alþingi.“

Greinargerð þessi var samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Bændahallarinnar,
Sæm. Friðriksson.

Til landbúnaðarráðherra, Ingólfs Jónssonar,
Reykjavík.“

Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.